

Mánudaginn 22. október 1990.

Nr. 126/1989. **Sæberg hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Jóni Gunnari Guðmundssyni

(Ásmundur Jóhannsson hdl.).

Kaupgjaldsmál. Uppsagnarfrestur. Sjóveðréttur. Sjómannaög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í máli þessu er deilt um það eitt, hvort stefndi eigi rétt á launum vegna þeirra tveggja veiðiferða, er hann átti að vera í launalausum leyfi.

Við uppsögn áfrýjanda á ráðningarsamningi stefnda og framkvæmd hennar féll úr gildi það samkomulag, sem gilt hafði um tilhögun á starfi stefnda. Ber því stefnda samkvæmt 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga, að fá greidd full laun í þrjá mánuði frá uppsagnardegi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Sæberg hf., greiði stefnda, Jóni Gunnari Guðmundssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ.m., hefur Jón Gunnar Guðmundsson, nnr. 5135-6977, Kleifargerði 3, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 17. október 1988, á hendur Sæbergi hf., nnr. 8801-1708, Aðalögðu 16, Ólafsfirði.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt til að greiða honum kr. 753.919 með 19% ársvöxtum af kr. 399.524,67 frá 4. apríl 1988 til 11. júní s.á., 23% ársvöxtum frá þ.d. til 6.júlí s.á., en sömu vöxtum af kr. 753.919 frá þ.d. til 1. ágúst s.á., 26% ársvöxtum frá þ.d. til 1. september s.á., 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. október s.á., en 9% ársvöxtum frá þ.d. til þingfestingardags 27.október 1988, en eftir það með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25, 1987, til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. apríl 1989, af kr. 399.524,67, en 7. júní af stefnukröfunni allri í samræmi við 12. gr. laga nr. 25, 1987. Þá er þess krafist, að staðfest verði lögveð í frystitogaranum Mánabergi, ÓF-42, samkvæmt siglingalögum nr. 34, 1985, 40. kafla. Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar skv. framlögðum reikningi auk söluskatts á þóknunarliði málskostnaðar, auk þess sem hann krefst dráttarvaxta á málskostnað frá dómsuppsögu til greiðsludags, jafnhárra og Seðlabanki Íslands ákveður á skuldum utan innlánsstofnana á hverjum tíma.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ auk söluskatts og dráttarvaxta á tildæmdan málskostnað frá dómsuppsögn til greiðsludags.

Málsatvik eru þau, að í ársbyrjun 1987 réðst stefnandi sem fyrsti stýrimaður á frystitogarann Mánaberg, ÓF-42, í eign stefnda. Var vinnu hans háttað þannig, að hann leysti skipstjóra af þriðju hverja veiðiferð, en var í launalausum leyfi þriðju hverja veiðiferð, þannig að hann var samfelldur á sjó tvær veiðiferðir í senn, en þá þriðju í fríi. Hinn 10. mars 1988 sagði stefndi stefnanda upp störfum fyrirvaralaust og tilkynnti honum jafnframt, að hans væri ekki óskað meir til skips. Stefnandi greiddi stefnda laun í 3 mánuði miðað við aflahlut tveggja veiðiferða af hverjum þremur, sem farnar voru á því tímabili, en hefur neitað að greiða honum laun vegna þeirra veiðiferða, er hann skyldi vera í launalausum leyfi miðað við áframhaldandi vinnu á skipinu út uppsagnarfrestinn. Er hér um að ræða tvær veiðiferðir, og hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu launa vegna þeirra. Telur stefnandi sig eiga óskert laun í 3 mánuði eða frá 10. mars 1988 til 10. júní s.á. Vísar hann í því efni til 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, en þar greindur þriggja mánaða uppsagnarfrestur nái einnig til eðlilegs frís, sem skipverjar eigi rétt á. Beri útgerðarmanni þannig að greiða þriggja

mánaða óskert laun. Þá bendir stefnandi einnig á ákvæði í kjarasamningi aðila, sem í gildi var á þessum tíma og lagður er fram í málinu, ákvæði 1.33, þar sem segir: „Uppsagnarfrestur yfirmanna skal vera þrjú mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg af beggja hálfu.“ Við munnlegan málf lutning var af hálfu stefnanda einnig vitnað til greinar 5.25 í sama samningi, þar sem segir, að skipverjar á togurum, sem frysta aflann um borð, skuli eiga rétt á fríi þriðju hverja veiðiferð.

Stefndi telur, að krafa stefnanda fái ekki staðist, þ.e., að stefnandi eigi kaup í fulla þrjú mánuði þrátt fyrir þá viðurkenndu staðreynd, að hann hefði verið í fríi 3. og 6. veiðiferð skipsins og þar af leiðandi engar vinnutekjur haft, hefði hann starfað óslitið á skipinu út uppsagnarfrestinn. Samkv. 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35, 1985, sé uppsagnarfrestur yfirmanna 3 mánuðir. Samkv. 2. mgr. 27. gr. laganna taki skipverji kaup til þess dags, er ráðningu lýkur, sbr. og 1. mgr. 25. gr. Með hugtakinu kaup í lögnum sé átt við það kaup, sem viðkomandi sjálfur hefði haft í vinnutekjur, hefði hann starfað áfram óslitið á skipinu út uppsagnartímann, þ.e. hefði ekki hætt, áður en uppsagnarfresturinn var liðinn. Beri að miða við það, að bætur vegna uppsagnar verði þannig, að viðkomandi verði fjárhagslega eins settur og engin uppsögn hefði komið til. Þar sem stefnanda hafi verið greiddar bætur uppsagnartímann með því kaup, sem hann sjálfur hefði haft, hefði hann starfað óslitið út uppsagnartímann, beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eins og að framan greinir, er úrlausnarefni máls þessa að skera úr um það, hvort stefnda beri að greiða stefnanda laun á uppsagnartímanum að fullu eða hvort draga eigi þar frá laun vegna þeirra veiðiferða, er stefnandi skyldi vera í launalausú leyfi samkv. ráðningarsamningi eða starfstilhögun.

Fram er komið, að í samræmi við rétt stefnanda samkv. gr. 5.25 í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og yfirmannafélaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem ágreiningslaust er, að eigi við um lögskipti aðila máls þessa, var ráð fyrir því gert í ráðningarsamningi stefnanda, að hann skyldi vera í launalausú leyfi þriðju hverja veiðiferð. Í samræmi við það má gera ráð fyrir, að sú tilhögun hefði orðið út ráðningartímann, hefði stefnandi unnið til loka hans.

Ágreiningslaust er, að stefnanda var vikið úr starfi á þann hátt, að hann öðlaðist rétt til kaups í 3 mánuði frá uppsagnardegi skv. 25. gr., sbr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35, 1985. Stefnandi gat eigi, svo að gilt væri, rýrt þann rétt sinn í ráðningarsamningi, sbr. 4. gr. framangreindra laga. Með vísan til þessa lítur dómurinn svo á, að ákvæði framangreinds kjarasamnings og ráðningarsamnings stefnanda þess efnis, að stefnandi skyldi að hluta til vera í launalausú leyfi á uppsagnarfrestinum, skerði ekki rétt hans til launa skv. framangreindu lagaákvæði.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða dómsins sú, að taka beri kröfur stefnanda til greina að fullu, enda hafa þær ekki tölulega sætt andmælum af hálfu stefnda. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 161.500, ásamt vöxtum, eins og krafist er, frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sbr. 21. gr. laga nr. 54/198. Að lokum ber að staðfesta sjóveðrétt í Mánabergi, ÓF-42, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, sbr. 197. gr. laga nr. 34, 1985.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Sæberg hf., greiði stefnanda, Jóni Gunnari Guðmundssyni, kr. 753.919 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 399.524,67 frá 4. apríl 1988 til 11. júní s.á., 23% ársvöxtum frá þ.d. til 6. júlí s.á., en af kr. 753.919 frá þ.d. til 1. ágúst s.á., 26% ársvöxtum frá þ.d. til 1. sept. s.á., 12% ársvöxtum frá þ.d. til 1. okt. s.á., 9% ársvöxtum frá þ.d. til 27. okt. s.á., en dráttarvöxtum samkv. 10. gr. l. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti af kr. 399.524.67, í fyrsta sinn 4. apríl 1989, en af höfuðstólnum öllum í fyrsta sinn 7. júlí 1989, og kr. 161.500 í málskostnað ásamt vöxtum samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Staðfestur er sjóveðréttur í Mánabergi, ÓF-42, til tryggingar framangreindum fjárhæðum.